

**Nd.**

**149. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Flutningsmenn: Sveinn Ólafsson, Þorleifur Jónsson og Lárus Helgason.

4. gr. laganna verði þannig:

Ríkisstjórnin felur forstjóra landsverslunar forstöðu áfengisverslunar ríkisins.

Í samráði við ríkisstjórnina getur forstjóri landsverslunar ráðið mann með lyfsalaprófi til eftirlits með lyfjabúðum og áfengiskaupum þeirra. Hann skal vera ráðunautur landsverslunar um innkaup á nauðsynlegu lyfjaáfengi

og útvegum á lyfjum, umbúðum og hjúkrunargögnum, er talið verða í lyfja-söluskránni og ríkisstjórnin eða lyfjabúðir og læknar með lyfsöluleysi óska eftir.

Nánari reglur um verkaskiftingu milli forstjóra landsverslunar og eftirlitsmanns lyfjabúða setur ráðherra með erindisbrjefi.

### Greinargerð.

Síðan lög um einkasölu áfengis voru sett 1921 hefir gagngerð breyting orðið á áfengissölu í landinu, þar sem svonefnd Spánarvin eru nú orðin að nokkru leyti frjáls verslunarvara. Samtímis hefir sú breyting orðið á um landsverslun, að þar er horfið frá matvöruverslun og að eins verslað með einkasöluvörur ríkisins, steinolíu og tóbak. Eðlilegast og ódýrast virðist því að leggja þessa þriðju vörutegund, sem ríkið hefir einkasölu á, áfengið, einnig undir landsverslun, svo sem í öndverðu var ráðgert af stjórninni 1921, er hún bar fram frumvarp til laga um einkasölu á tóbaki og áfengi samhliða.

Vissulega ætti rekstur einkasöluverslunarinnar að geta orðið ódýrari í einu lagi en tvennu, og engar líkur eru til þess, að landsverslun sje miður fær til að fara með áfengisverslunina en aðrir, sem til þess eru settir. Þörfin á sameiningu víneinkasöluinnar við landsverslun er því brýnni, sem litlar líkur eru fyrir fækkun opinberra starfsgreina eða starfsmanna á öðrum sviðum að þessu sinni.

Sú skipun lyfjafræðings til forstöðu áfengisverslunar, sem áfengiseinkasalan frá 1921 gerir ráð fyrir, virðist harla þýðingarlítill, en eftirlitið með lyfjabúðum og læknum þarf engan veginn að vera sameinað þeirri viðtæku áfengiseinkasölu, sem ríkið nú hefir, þótt hjer sje lagt til, að slíkur eftirlitsmaður haldi áfram eins og ráðunautur landsverslunar um kaup og meðferð á lyfjaáfengi, ef stjórnin telur ástæðu til þess.